



335. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal C í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 2. mars 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.

Teams: Gunnar Bragason gjaldkeri og Hörður Þorsteinsson.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Knútur G. Hauksson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu og sviðum

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu og sviða, sbr. samantekt sem fylgdi fundargögnum.

2. Fjármálaupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá vinnslu ársreiknings ÍSÍ sem er langt komin.

Lögð fram tillaga um tilfærslu tekna frá árinu 2022 yfir á árið 2023 vegna kostnaðarsamra ólympískra verkefna á árinu. Tillagan samþykkt.

Rætt um almennar verðlags- og vísitöluhækkningar og nauðsyn þess að ÍSÍ fái hækkað framlag á fjárlögum til reksturs sem og sérstakra málaflokka.

Forseti ÍSÍ fór yfir stöðu mála varðandi kostnað við störf úttektarnefndar ÍSÍ um málefni KSÍ. Kostnaður vegna úttektarnefndarinnar átti í upphafi að vera alfarið greiddur af KSÍ en eftir ýmsar málaleitanir þá ÍSÍ bauðst til að taka allt að fjórðungshluta kostnaðar í ljósi þess að niðurstöður skýrslu nefndarinnar nýtist allri hreyfingunni en því hefur verið hafnað af hálfu stjórnar KSÍ.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að vinna áfram út frá ofangreindu tilboði og innheimta þann kostnað sem fallinn er á KSÍ vegna málsins og er enn ógreiddur til ÍSÍ.

3. Úttekt Ólympíusamhjalparinnar – niðurstöður

Framkvæmdastjóri skýrði frá niðurstöðum úttektar Ólympíusamhjalparinnar en allar Ólympíunefndir sem þiggja styrki úr Ólympíusamhjalpinni eru teknar reglulega í eftirlitsúttekt. Fjórar minniháttar athugasemdir voru gerðar sem unnið verður úr af skrifstofu ÍSÍ.

4. Íþróttaping ÍSÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning fyrir Íþróttaping ÍSÍ sem haldið verður í byrjun maí. Hann hvatti stjórnina til að huga að tillögum fyrir þing.

Rætt um mögulegar kynningar á þinginu, til dæmis varðandi málefni trans fólks.

5. Ferðasjóður íþróttafélaga

Halla Kjartansdóttir, sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs, fór yfir stöðu yfirllesturs umsókna í Ferðasjóði íþróttafélaga. Samþykkt heimild til að leita rafræns samþykkis stjórnar á úthlutun úr sjóðnum á milli funda, ef þarf.

6. Íslensku lýðheilsuverðlaunin

Forseti skýrði frá verkefni forseta Íslands, Íslensku lýðheilsuverðlauninum, sem ÍSí mun koma að. Óskað hefur verið eftir tilnefningum frá almenningi. Verðlaunin verða afhent síðasta vetrardag. Vísað til forseta ÍSí að skipa aðila frá ÍSí í dómnefnd um verðlaunin.

7. Frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarf, 597. mál

Skila þarf umsögn um málið 9. mars nk. Vísað til skrifstofu til afgreiðslu.

8. Tillaga til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáttar í íslenska löggjöf

Skila þarf umsögn um málið 14. mars nk. Vísað til skrifstofu til afgreiðslu.

9. Fyrirmyndarfélag

Eftirfarandi viðurkenningar staðfestar:

- *Umf. Narfi, Hrísey (ný viðurkenning)*
- *Skotfélagið Markviss, endurnýjun*

10. Heiðranir

Engar heiðranir lágu fyrir.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 334. fundar framkvæmdastjórnar
- Fundur Afrekssjóðs ÍSí 20. og 28. febrúar 2023
- Málaskrá skrifstofu

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur stjórnar verður 30. mars nk.

14. Önnur mál

Fundir forseta ÍSí með formönnum sambandsaðila

Forseti skýrði frá fundum með sambandsaðilum. Gert er ráð fyrir því að fundir sem þessir verði reglulega haldnir. Samþykkt að taka niður fundargerð af fundum sem þessum, til upplýsingar fyrir stjórn.

Þing sambandsaðila

Framkvæmdastjóri fór yfir þing sambandsaðila sem haldin hafa verið undanfarnar vikur og mönnun næstu þinga.

Málefni sjálfboðaliða

Úlfur H. Hróbjartsson skýrði frá hugmynd sinni varðandi auglýsingar til að laða fleiri sjálfboðaliða til starfa í hreyfingunni.

Góðar umræður urðu um málefni sjálfboðaliða og margar góðar hugmyndir reifaðar sem skoðaðar verða á næstu vikum.

Sýningin „Góðan daginn, Faggi!“

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá tilboði Þjóðleikhússins og leikhóps um sérstaka sýningu fyrir íþróttahreyfinguna á sýningunni Góðan daginn, faggi! Samþykkt að þiggja tilboðið og auglýsa það til hreyfingarinnar. Gert er ráð fyrir umræðum og samtali eftir sýninguna.

Reglur um Afrekssjóð ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að kallað hefði verið eftir tillögum að breytingum á reglunum. Boðaður hefur verið fundur með sérsamböndunum þar sem gert er ráð fyrir umræðum og hópavinnu. Í framhaldi verða tillögur unnar til stjórnar.

Verið er að vinna fjárhagslega úttekt sem verður rýnd og greind með álitsgjöfum.

Tengingar stjórnar við skrifstofu

Almennar umræður urðu um tengingar stjórnarfólks við verkefni og starf á skrifstofu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari